



LANGANESBYGGÐ

19. fundur Umhverfis- og skipulagsnefndar Langanesbyggðar haldinn á skrifstofu Langanesbyggðar, Þórshöfn fimmtudaginn 25.08.2016 og hófst klukkan 12:00.

Mætt voru: Jósteynn Hermundsson, Reimar Sigurjónsson, Karl Ásberg Steinsson, Aðalbjörn Arnarsson, Oddur Skúlason, Elías Pétursson og Nína Björg Sæmundsdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður bauð fundarmenn velkomna, setti fundinn og spurði hvort einhver gerði athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Dagskrá fundar:

1. Innsent erindi, ósk um umsögn um mögulega viðbyggingu við veiðarfærahús,

Ósk hefur borist frá forsvarsmönnum Hróðgeirs Hvíta um að fá umsögn um mögulega viðbyggingu sunnan við veiðarfærahús félagsins að Hafnargötu 2a, Bakkafirði.

Bókun

Umhverfis- og skipulagsnefnd tekur vel í erindið en bendir á að við hönnun verður að hafa í huga fjarlægð milli húsa.

2. Innsent erindi, umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir fiskvegagerð

Stjórn veiðifélags Miðfjarðará og Litlu-Kverkár hefur sótt um framkvæmdarleyfi fyrir fiskvegagerð í Miðfjarðará við Bakkafloa.

Bókun.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir fyrir sitt leyti erindið og felur byggingafulltrúa að gefa út framkvæmdarleyfi.

3. Innsent bréf, Landsskipulagsstefna 2015-2016

Bréf lagt fram til kynningar. Skipulagsstofnun fyrirhugar að halda kynningarfundi, í samvinnu við landshlutasamtök, um Landsskipulagsstefnu í öllum landsfjórðungum í haust.

4. Önnur mál

a. Innsent erindi – útbreiðsla Alaskalúpínu og Spánarkerfils á Bakkafirði

Sveitarstjóri lagði fram bréf frá Hilmu Hrönn Njálisdóttur, íbúa Langanesbyggðar. Hún óskar eftir aðkomu nefndarinnar og sveitarfélagsins að því að hefta útbreiðslu Alaskalúpínu og Spánarkerfils á Bakkafirði.

Bókun.

Umhverfis- og skipulagsnefnd þakkar bréfitara erindið. Nefndin telur fulla þörf á því að Langanesbyggð myndi sér stefnu hvað varðar Lúpínu og Kerfil. Nefndin mun í framhaldi skoða þetta mál.

b. Urðunarstaður við Bakkafjörð – undanþága frá starfsleyfi

Sveitarstjóri lagði fram bréf frá Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu dagsett 15.08.2016. Í bréfinu er sveitarfélaginu veitt undanþága frá starfsleyfi fyrir urðunarstað við



LANGANESBYGGÐ

Bakkafjörð. Undanþágan er bundin eftirfarandi skilyrðum, sveitarfélagið skal, eftir því sem við á starfa skv. fyrra starfsleyfi og lögum og reglugerðum sem nánar er kveðið á um í bréfinu. Undanþágan gildir til 01.05.2017.

Fleira ekki gert, fundargerð upplesin og fundi slitið kl. 12:50